

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 6. júlí 2018


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Hinn 3. júlí sl. birtist frétt á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem greint er frá umsóknum um starf skrifstofustjóra á skrifstofu landbúnaðar og matvæla í ráðuneytinu og í því sambandi birtur listi yfir umsækjendur í starfið. Það vakti athygli mína að á listanum er einungis að finna upplýsingar um nöfn umsækjenda en ekki starfsheiti þeirra.

Ég hef áður sent öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins bréf, sbr. afrit af meðfylgjandi bréfi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, þar sem vakin er athygli á þeim reglum sem gilda um aðgang almennings að upplýsingum um opinbera starfsmenn og þeirri afstöðu minni að þegar stjórnvöld eiga frumkvæði að birtingu umsækjendalista verði að ganga út frá því að starfheiti umsækjenda séu tilgreind.

Í tilefni af birtingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á framangreindum lista tel ég ástæðu til að ítreka ábendingu sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi. Jafnframt að ráðuneytið hugi framvegis betur að birtingu hliðstæðra lista með því að tilgreina þau atriði sem löggjafinn hefir metið að séu nauðsynleg til að ná markmiðum 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, þ.e. að mæta sjónarmiðum um opna stjórnsýslu og stuðla að opinni umræðu um stöðuveitingar hjá opinberum aðilum. Slíkt væri einnig í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,

  
Tryggvi Gunnarsson